



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

504. fundur stjórnar SASS

haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu
föstudaginn 15. janúar 2016, kl. 12:00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Nielsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Elín Einarsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Sæmundur Helgason. Páll Marvin Jónsson tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Einnig sátu fundinn Þórður Freyr Sigurðsson verkefnastjóri undir dagskrárlið tvö og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð. Á fundinn komu einnig fulltrúar úr sveitarstjórn sveitarfélagsins Rangárbings ytra, þ.e. Þorgils Torfi Jónsson oddviti, Yngvi Karl Jónsson og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar að Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu.

Heimsókn sveitarstjórnar Rangárbings ytra

Sveitarstjóri Rangárbings ytra, Ágúst Sigurðsson, tók undir orð formannsins og fagnaði því að nú væri stjórnarfundur SASS haldinn á Hellu. Í framhaldi var hann með fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Hann og sveitarstjórnarfulltrúarnir svöruðu framkomnum spurningum og lögðu einnig spurningar fyrir stjórn og var þeim svarað á fundinum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir 501., 502. og 503. funda samþykktar og undirritaðar.

2. Innri mál SASS

Farið var yfir stöðu málsins. Stjórn áréttaði nauðsyn þess að tryggð yrði staða verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar.

Formaður, framkvæmdastjóri og verkefnastjóri kynntu drög að samningi við samstarfsaðila. Framkvæmdastjóra falið að útfæra hann nánar til samræmis við umræður á fundinum.

3. Erindi Byggðastofnunar

Formaður kynnti drög að svarbréfi við erindi Byggðastofnunar en þar var m.a. óskað eftir fundargerðum stjórnarfunda SASS þar sem málefni atvinnuþróunar voru á dagskrá, ársreikningi SASS 2014 þar sem fram kæmi bókhaldslegur aðskilnaður á atvinnuþróun, ársskýrsla fyrir atvinnuráðgjöf árið 2014 og loks að gerð yrði grein fyrir því hvernig SASS ætli að efna skyldur sínar samkvæmt samningi aðila frá 5. apríl 2013. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að ganga frá svarbréfinu.

4. Skipan verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands

Stjórnin samþykkir skipan 5 manna verkefnastjórnar, sem einnig er úthlutunarnefnd en skipunartíminn er til ársloka 2016.

Eftirtaldir eru skipaðir í verkefnastjórn; Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður, Páll Marvin Jónsson, Sigurður Þór Sigurðsson, Runólfur Sigursveinsson og Bryndís Björk Hólmarsdóttir.

5. Starfsáætlun stjórnar SASS 2016

Drög að starfsáætlun stjórnar lögð fram til kynningar og umræðu. Tillaga var gerð um að halda stjórnarfundum fyrsta föstudag í hverjum mánuði og var það samþykkt. Áætlað er að halda ársþing SASS dagana 27. - 28. október og var framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning þess.

Samþykkt var að boða sveitarstjórnir til kynningarfundar í byrjun febrúar nk. þar sem kynna á skipulagsbreytingar og farið verður yfir almenningsamgöngur í landshlutanum.

6. Menntaverðlaun 2015

Menntaverðlaun Suðurlands 2015 voru afhent í áttunda skipti í gær, 14. janúar sl., á hátíðarfundum sem haldinn var í FSu. Stjórnin óskar Sérdeild Suðurlands, Setrinu, til hamingju með Menntaverðlaunin og þakkar samstarfshópnum fyrir vel unnin störf.

7. Önnur mál til kynningar

a) Samráðsfundur starfshóps um Ísland-ljóstengt

Starfshópur um Ísland-ljóstengt hélt í dag 15. janúar kynningarfund með hluta af landshlutasamtökunum. Tölvubréf frá starfshópnum var lagt fram til upplýsingar og kynningar. Ákveðið var að senda það sveitarstjórnnum til upplýsingar og fróðleiks.

b) Sóknaráætlanir - framlög ríkisins 2016

Þann 27. janúar 2015 var skiptaregla á framlögum til Sóknaráætlunar samþykkt í ríkisstjórn. Í ár koma í hlut Suðurlands kr. 103.087.717.- en framlagið var árið 2015 kr. 90.586.255.- Framlagið hækkar um 13,8% á milli ára.

c) Atvinnuþróun – framlag Byggðastofnunar 2016

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti í lok síðasta árs skiptingu á fjármagni til atvinnuþróunar fyrir árið 2016. Í hlut Suðurlands koma kr. 26.083.200.- Framlagið árið 2015 var kr. 24.874.286.- þannig að það hefur hækkað um 4,5% á milli ára.

d) Jöfnunarsjóður - útdeiling bankaskatts

Stjórn SASS leggst gegn því að frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði) verði samþykkt óbreytt.



Stjórnin skorar á Alþingi að beita sér fyrir breytingu á því þannig að byggt verði á hefðbundinni skiptireglu Jöfnunarsjóðs.

Fundi slitið kl. 16:35

Gunnar Þorgeirsson
Anna Björg Níelsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Ágúst Sigurðsson
Páll Marvin Jónsson
Bjarni Guðmundsson